

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Skúlagötusvæði.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, 25. október 2023, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis. Í breytingunni felst afmörkun deiliskipulags Skúlagötusvæðis vegna nýs deiliskipulags Norðurstrandar svo ekki sé skörun á deiliskipulagsmörkum á milli deiliskipulagssvæða, sbr. gr. 5.3.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kjalarnes, Esjumelar – Varmidalur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 25. janúar 2024, breytingu á deiliskipulagi Kjalarnes, Esjumela – Varmadals, vegna lóðanna nr. 8 og nr. 10 við Norðurgrafarveg. Í breytingunni felst að lóð fyrir spennistöð við Norðurgrafarveg 8 er færð við Norðurgrafarveg 10 ásamt því að hnykkt er á skilmálum um spennistöðvar í deiliskipulagi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Spöngin 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. febrúar 2024, breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar vegna lóðarinnar nr. 9 við Spöngina. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun á byggingarreit og aukning á byggingarmagni lóðarinnar til að skerma af vörumóttöku. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Esjumelar – breyting á deiliskipulagi – Gullslétta 18.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. febrúar 2024, breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 18 við Esjumela. Í breytingunni sem lögð er til felst aukning á byggingarmagni, stækkun á millilofti, að bætt verður við svölum á 2. hæð og hæðin skilgreind sem vinnustofur, að svalir á 2. hæð nái út fyrir byggingarreit og fjölgun bílastæða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 23. febrúar 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 8. mars 2024